



## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Sunnudagur 23. október kl. 20:00 – 21:00

### Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjórar.

### Dagskrá

#### Dagskrá

1. Auðbjörg
  - a. EHSP fer yfir stöðuna á Auðbjörgu, báturinn er í afar slæmu standi, EHSP falið að skoða málið nánar og taka saman upplýsingar í minnisblað fyrir næsta stjórnarfund.
2. Styrkumsóknir vegna næsta árs
  - a. Farið yfir umsóknir í styrksjóði vegna næsta árs. Umsóknarfrestur í Safnasjóð og Uppbyggingarsjóð Austurlands eru liðnir en huga þarf að umsóknum í Húsafriðunarsjóð.
  - b. Undirbúa þarf beiðni til Fjárlaganefndar Alþingis sem og óska eftir jöfnu framlagi frá Múlaþingi (15. Milljónum) svo að samanlagt komi 30 milljónir í rekstur vegna 2023.
3. Angró hefur nú verið rifið og til stendur að flytja þar út á Strönd. Safnstjórar hafa metið stöðuna og verið í samskiptum við Minjastofnun, arkitekta, verkfræðinga, sveitarstjóra og metið vænlega kosti í stöðunni. Húsið var ætlað safninu og því mikilvægt að huga vel að því hvernig því sem best við komið að húsið risi á ný. Stjórn samþykkir að senda eftirfarandi beiðni á Múlaþing.
  - a. Beiðni um að lóðirnar við Lónsleiru 11-17 verði úthlutaðar safninu endurgjaldslaust og breytt í safnasvæði á deiliskipulagi. Meðfylgjandi er samanburður lóða í meðfylgjandi skjali sem og auk þess sem vísað er í niðurstöðu ráðgjafanefndar um flutning húsa.
  - b. Safnið óskar eftir því að fá húsið Angró afhent svo hægt sé að hefja endurbyggingu þess sem fyrst. Húsið varð fyrir töluverðu tjóni og því mikilvægt að reisa það sem fyrst, helst næsta vor. Safnið hefur látið endurmeta frumatskostnaðaráætlun sem er meðfylgjandi. Tímalína verkefnisins er einnig meðfylgjandi.
  - c. Safnið óskar þess að fá fjármuni til verkefnisins eða þær 190. milljónir sem hafa komið til vegna flutnings húsa. Safnið óskar einnig eftir því að fá þær bætur sem Höfnin fékk við tjón hússins.
  - d. Beiðni um formlegt samstarf vegna endurbyggingar Angró, óskað er eftir því að fulltrúi Múlaþings sitji í byggingarnefnd hússins.